



MÓTUM FRAMTÍÐINA Í VESTMANNAEYJUM

EFNISYFIRLIT

SAMANTEKT	3
STARFSEMIN	5
FÓLKID	5
Starfsfólk	8
TÍMARNIR	9
HÚSNÆÐISMÁL	10
TÆKJABÚNAÐUR	11
NÁMSKEIÐ OG FRÆÐSLA	12
Námsefni:	13
VIÐBURÐIR	14
Námskeið í samstarfi við VISKU og Vinnumálastofnun febrúar 2022	14
Fab Lab Ísland bootcamp á Ísafirði 2-6. maí 2022	14
Sjávarréttahátíðin MATEY í september 2022	15
Ársráðsstefna Fab Lab smiðja í október 2022	16
DDP bootcamp nóv 2022	17
SAMSTARFSVERKEFNI OG SAMSTARFSADILAR	18
Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytið	18
Mennta- og menningarmálaráðuneytið	18
Vestmannaeyjabær	18
Nordic Fab Lab Network	19
Distributed Design Platform	20
MAKE.WORKS	22
Fab Foundation	25
NORA	25
Samstarf við HÍ	25
Samstarf við Vísindagarða	26
Samstarfsverkefni með SeaLife	26
Samstarf við Náttúrustofu Suðurlands	26
Samstarf við Ferðamálasamtök Vestmannaeyja, iðnfyrirtæki, fiskvinnslufyrirtæki og Vestmannaeyjabæ	26
FJÁRMÁL 2022	27
TEKJUR	27
GJÖLD	28
TENGLAR	29

SAMANTEKT

Ársskýrsla fyrir Fab Lab Vestmannaeyjar árið 2022.

Þekkingarsetur Vestmannaeyja tók yfir rekstur Fab Lab smiðjunnar í Vestmannaeyjum þann 1. apríl 2021.

Árið 2022 gekk vel í Fab Lab smiðjunni í Vestmannaeyjum og hefur fjöldi heimsóknna aukið umtalsvert. Fab Lab smiðjan er vettvangur nýsköpunar í Vestmannaeyjum og fjöldi einstaklinga hafa unnið að þróun hugmynda og komið þeim í framkvæmd. Fab Lab smiðjan er einnig miðpunkturinn í stórum samfélagslegum verkefnum eins og **Sjávarsamfélaginu** og **Sjávarréttahátíðinni MATEY** sem nú verður árlegur viðburður í Vestmannaeyjum þar sem ferðabjónustuaðilar, fiskvinnslur, útgerðir, listafólk, veitingaaðilar og fleiri leggjast á eitt við að stimpla Vestmannaeyjar inn sem einn helsta mataráfangastað Íslands. Grunnur að verkefninu kom upp frá samstarfsverkefninu Distributed Design sem styrkt er af Creative Europe áætlun Evrópussambandsins.

Fab Lab smiðjur eru samstarfsnet smiðja búnum tækjum og tólum til þess að stunda nýsköpun. Þær eru frábær vettvangur til nýsköpunar þar sem sköpunarfærni, sköpunarkjarkur og sköpunarkraftur eru leyst úr læðingi. Þar er nemendum og almenningi veittur aðgangur að nýjustu tækni og verkþekkingu í hönnun og sköpun.

Í Fab Lab smiðjum fer fram þjálfun á færni sem nýtist atvinnulífinu og skapar samkeppnishæfara samfélag. Fab Lab smiðjur eru mikilvægar menntakerfinu og efla áhuga og færni í raungreinum ásamt verk- og tæknigreinum. Í Fab Lab smiðjum fer fram fjölbreytilegt og skapandi nám Fab Lab smiðjunnar á Íslandi vinna náið saman að þekkingaruppbyggingu um allt land á sviði hönnunar, sköpunar og stafrænnar framleiðslutækni.

Notendur Fab Lab smiðjanna eru þjálfaðir upp fyrir störf framtíðarinnar sem krefjast meðal annars greiningarhæfni, seiglu, sveigjanleika ásamt skapandi, lausnarmiðaðar og gagnrýnnar hugsunar.

Áframhaldandi uppbygging starfsemi Fab Lab smiðju við Eyjum í tengslum við grunnskólann, framhaldsskólann, símenntunarmiðstöðvar og háskóla og rannsóknarstofur er áhugavert verkefni sem gæti stuðlað að öflugu nýsköpunarumhverfi vísindamanna, frumkvöðla, nemenda og fyrirtækja. Og með þátttöku í öflugu alþjóðlegu samstarfsneti Fab Lab smiðja næðu áhrifin á jákvæðan hátt út um allt land og háskólarnir fengju beinan aðgang að öflugu samstarfsneti Fab Lab smiðja um allan heim.

Fab Lab smiðjunnar eru mikilvægur þáttur til þess að stuðla að virkri þátttöku landsins í fjórðu iðnbýltingunni með skilvirkri þjálfun nemenda, atvinnulífsins og þróun nýrrar tækni og miðlun þekkingar.

Framtíð Fab Lab smiðja ræðst af fjölmörgum þáttum þá helst faglegum og fjárhagslegum þáttum. Til þess að tryggja faglega þáttinn sem best er mikilvægt að viðhalda góðu samstarfsneti Fab Lab smiðja á Íslandi, virku samstarfi við aðrar smiðjur á Norðurlöndunum og góðri tengingu við Fab Foundation og Fab Academy. Mikilvægt er að halda áfram þátttöku, vera virkir þátttakendur í alþjóðlegu neti Fab Lab smiðja og tryggja skilvirka þekkingarmiðlun.

Áframhaldandi þátttaka í Fab Academy, kennslu í stafrænni framleiðslutækni er nauðsynleg til áframhaldandi þróunar og til að auka gæði Fab Lab starfseminnar.


STARFSEMIN

Þekkingarsetur Vestmannaeyja tók við rekstri Fab Lab Vestmannaeyja 1. apríl 2021.

FÓLKID

Heimsóknarfjöldi í Fab Lab smiðjuna sveiflast ár frá ári og í gegnum tíðina hefur aðsókn minnkað fyrst eftir flutninga. Þegar smiðjan var staðsett í Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum árið 2020 þá var smiðjan að mestu lokuð fyrir almenningi vegna COVID reglna. Smiðjan hefur verið vel sótt af nemendum og almenningi eftir að hún opnaði á nýjum stað á Ægisgötu 2. Árið 2022 var heimsóknarfjöldi í smiðjuna kominn í 2365 og hefur ekki verið meiri síðan árið 2013.

Heimsóknarfjöldi í Fab Lab Vestmannaeyjar á árunum frá 2009-2022.




Fjöldi heimsókna í smiðjuna nær þrefaldaðist milli ára

Árið 2022 voru notendur smiðjunnar að mestu leyti nemendur í Grunnskóla Vestmannaeyja.

Framhaldsskólanemendur nýta sér smiðjuna við þróun nýsköpunarverkefna og nemendur á háskólastigi við þróun verkefna. Heildarfjöldi heimsókna í smiðjuna árið 2022 var 2365.

Árið 2022 jókst meðalfjöldi gesta á dag í Fab Lab smiðjuna í 14 manns sem komu til þess að raungera hugmyndir sínar.





Starfsfólk

Frosti Gíslason er forstöðumaður Fab Lab smiðjunnar í Vestmannaeyjum og verkefnastjóri Fab Lab Íslands. Hann er nú eini starfsmaður Fab Lab smiðjunnar.

Frosti Gíslason er frumkvöðull og verkefnastjóri Fab Lab Íslands. Hann er verkefnastjóri og kom að stofnun og uppbyggingu fyrstu Fab Lab smiðjunnar á Íslandi, í Vestmannaeyjum árið 2008 og hefur síðan þá stutt við uppsetningu og starfsemi annara Fab Lab smiðja á Íslandi og víðar.



Hann hefur haldið utan um samstarfsnet Fab Lab smiðja á Íslandi, unnið að stefnumótunarvinnu og uppsetningu náms í stafrænni framleiðslutækni á grunnskólastigi og framhaldsskólastigi, gerð kennsluefnis fyrir grunnskóla og framhaldsskóla, uppbyggingu Fab Academy og samstarfsnets Fab Lab smiðja á Íslandi.

Aðrir starfsmenn Þekkingarseturs Vestmannaeyja koma að starfseminni á eftirfarandi hátt:

Agnes Einarasdóttir sér um bókhald og uppgjör fyrir Fab Lab smiðjuna.

Soffía Baldursdóttir er í móttöku Þekkingarseturs.


Hörður Baldvinsson er framkvæmdastjóri Þekkingarseturs Vestmannaeyja.

Jónína og Þuríður sjá um þrif í smiðjunni.

Jónatan Guðni Jónsson, kennari í Grunnskóla Vestmannaeyja kennir grunnskólanemendum í Fab Lab smiðjunni.

TÍMARNIR

Tímarnir í Fab Lab smiðjunni skiptast milli kennslu fyrir grunn- og framhaldsskóla, ásamt opnu húsi, og tímum fyrir handleiðslu- og þróunarverkefni. Smiðjan er að jafnaði opin í um 40 tíma á viku. Opið er fyrir bókaða tíma fyrir handleiðslu- og þróunarverkefni



HÚSNÆÐISMÁL

Fab Lab smiðjan er nú staðsett á 3. hæð Fiskiðjunnar í Vestmannaeyjum í sama húsnæði og þekkingarsetur Vestmannaeyja og fleiri stofnanir og fyrirtæki eru í.

TÆKJABÚNAÐUR

Fab Lab smiðjan í Vestmannaeyjum fékk að halda öllum búnaði frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands sem var í smiðjunni áður. Auk þess var fylgdi fjármagn til endurnýjunar búnaðar og flutnings.

Í smiðjunni eru:

Laserskeri	1	Epilog Mini Helix 24-40W	2008
Vínyskeri	1	Roland GX-24	2008
Stór fræsivél	1	Shopbot PRS-alpha	2008
Fín fræsivél	1	Roland Modela MDX-20	2008
3D prentari	1	Ultimaker 2 extended	2015
3D prentari	2	Original Prusa i3 MK3S+	2021
3D prentari	1	Original Prusa MINI+	2021
Mótagerðarvél	1	Mayku Formbox EU	2021
Saumavél	1	JUKI-HZL-G220	2021
Iðnaðarsaumavél	1	GLOBAL WF-3955DD	2021
Vínyskeri / prentari	1	Roland VersaSTUDIO BN-20	2021
Formmótunarvél	1	Mayku Multiplier	2022

Tölvur og skjáir

1	Tölva samsett Fractal ATX	2019
4	Dell Precision T3620 og skjáir	2017
2	Dell Precision T3620 og skjáir	2016
4	Dell Precision T11700 og skjáir	2015
1	Dell Precision T11700 og skjár	2015
4	Skjáir	2021
1	Sjónvarp: LG 86-nanocell-uhd	2021
1	Thinkpad	2021
1	Dell Precision T5820	2021

Uppfærslusett fyrir Ultimaker 3D prentara var keypt og formmótunarvél Mayku Multiplier | Vacuum 2.0.

Fjárfest var í búnaði sem greint er hér fyrir ofan en fyrirhugað er að halda endurnýjun búnaðarins áfram en beðið er eftir samþykki framkvæmdastjóra þekkingarsetursins til þess.

Fyrirhugað er að kaupa búnað til þess að efla getu til þrívíddarprentunar, búnað til þess að efla kennslu í forritun, gervigreind, þrívíddarhönnun, myndgreiningartækni og margmiðlunartækni og kennslu í rafeindatækni.

NÁMSKEIÐ OG FRÆÐSLA

Fab Lab Vestmannaeyjar sinnir **fræðslu og þjálfun til kennara í grunn- og framhaldsskólum með árlegum námskeiðum. Námskeiðin eru fræðsla í notkun á hugbúnaði fyrir Fab Lab ásamt fræðslu og þjálfun í notkun á tækjum Fab Lab smiðjunnar.**

Fab Lab smiðjan sér til þess að **nemendur og kennarar í grunn- og framhaldsskólum, ásamt almenningi og fyrirtækjum, fái aðgang að smiðjunni samkvæmt nánara samkomulagi.**

Haldin voru námskeið fyrir Símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja, Visku í febrúar 2022.

Haldið var námskeið í Unreal leikjavélinni í júní 2022.

Sérstakar starfsþjálfunar vinnusmiðjur fyrir kennara voru haldnar mánudaga fyrir kennara í starfsþjálfun á mánudögum kl:14:30-16:00 og skv. samkomulagi.

Sérstakir handleiðslutímar voru í boði fyrir almenning og frumkvöðla til þess að þróa og raungera hugmyndir sínar og hafa þeir tímar verið vel nýttir.

Verkefnastjóri leiðir tæknilega þróun smiðjunnar og samstarf við notendur hennar ásamt því að miðla þekkingu. Fab Lab smiðjan heldur námskeið sem tengjast stafrænni framleiðslutækni og nýsköpun fyrir almenning.

Fjölbreyttir ferlar fara fram í smiðjunni eins og t.d.:

hönnun	mótagerð	skynjaratækni
ör frumgerðarsmíði	þrívíddarskönnun	örtölvugerð
laserskurður	þrívíddarprentun	vörupróun
cnc fræsing	forritun	o.fl. o.fl.
	gerð rafrása	

Grunnskóli Vestmannaeyja býður nemendum í 7.bekk skólans upp á nám lotum í Fab Lab.

Verkefni nemenda eru m.a. hönnun í tvívídd og þrívídd, forritun og stýring tölvustýrðra laserskurðartækja, vinylskera, 3D prentara og vakkúm formunarvélar.

Nemendur í 8.-10.bekk sækja nám í Fab Lab smiðjuna.

Dæmi um verkefni:Tölvuleikjaforritun í Unity, þrívíddarhönnun í Tinkercad og Blender. Forritun í Scratch, Unity, Microbit. Notkun á AI.

Nemendur í Framhaldsskóla Vestmannaeyja nýttu smiðjuna til frumgerðarsmíði í nýsköpunaráföngum og raungreinaáföngum.


Fyrrum nemendur í Fab Lab smiðjunni hafa bent á gagnsemi Fab Lab námsins þegar haldið var í áframhaldandi nám eða störf.

Námsefni:

Námsefni er aðgengilegt á sameiginlegri síðu Fab Lab smiðjanna <https://fablab.is/>

Þar er kennslufni m.a. um [tækjabúnað](#) og [hugbúnað](#) í Fab Lab smiðjunum ásamt [verkefnakveikjum](#) fyrir nemendur, kennara og aðra notendur smiðjanna.

Gerðar hafa verið nýjar síður og eldri uppfærðar.



VERKEFNAKVEIKJUR FYRIR LASERSKERA



Í öllum Fab Lab smiðjum landsins eru laserskera. Laserskera skera úr hönnuð að sumu leyti eins og rífagír geta gert en gera það með þessu sem sendur er í gegnum efnið. Laserskera geta gert það á mun nákvæmari hátt og auðveldar að skera fleiri en eitt einnig sem eru alveg eins. Laserskera eru notaðir jímist til þess að gera frumgerðir skera úr í þessum, í við eða pappa eða til að grafa í gler.

Lærðu á laserskera

VERKEFNAKVEIKJUR FYRIR CNC

CNC (Computer Numerical Control) frásíðlamar í Fab Lab smiðjunum veita notendum tækifæri til að kynna nýtt framlagsvæðing. Notendur Fab Lab kynna hönnuð í tvívídd og þrívídd og læra að útbúa höfð til þess að stjórna CNC frásíðlunum til þess að framkalla fjölbreyttar hugmyndir í við, plastefni eða annars konar efni.

Lærðu á frásíðlun



ÞRÍVÍDDARPRENTUN



Þrívíddarprentun í Fab Lab smiðjunum hjálpa notendum að raugera hugmyndir sínar í þrívídd. Notendur læra að hanna í þrívídd og gera á einföldan og aðgengilegan hátt framkallað hugmyndir sínar í þrívíddarprentara. Notendur Fab Lab smiðjanna hafa hannað og prentað jímia gagnlega hluti í þrívíddarprentunum og kynnt mismunandi tækni við þrívíddarprentunina og mismunandi efniðinguleikum.

Lærðu á þrívíddarprentara

VERKEFNAKVEIKJUR FYRIR VINYLKERA

Vinylskeri er tilvænð til þess að nota höfðlað til þess að skera eftir tvívíddarhönnun úr þunnum og sveigjanlegum efnum eins og vinylklum, eða pappa. Vinylskera eru oft notaðir til þess að skera úr ílmblaði í vinylklum fyrir vegg, hluti eða glugga, skera úr fimur fyrir farnað eða til þess að gera filmu fyrir skilgreiningu.

Lærðu á vinylskera



SAMÞÆTT VERKEFNI

Samþætt verkefni þar sem fjöldi framlagsvæðinga er notaður og notast er við ferleikabúnað, hvern fortaður til að framkalla ákveðna vörð í verkefnum eru dæmi um áhugaverð verkefni.

Lokarefni í Fab Academy eru dæmi um verkefni sem innihalda slóðing, stöðing, útbúið og eru gerðar jímia með þrívíddarprentunum, og eða CNC frásíðlunum, laserskera og eða jímia framkallað með mibagerðartækni.

FABACADEMY

Lærðu í Fab Academy

VIÐBURÐIR

Námskeið í samstarfi við VISKU og Vinnumálastofnun febrúar 2022

Haldið var námskeið í samstarfi við VISKU og Vinnumálastofnun í febrúar 2022 í stafrænni framleiðslutækni um notkun lasers, vinylskera, og tölvustuddrar hönnunar.

Fab Lab Ísland bootcamp á Ísafirði 2-6. maí 2022

Tókum þátt í vinnustofu Fab Lab Ísland á Ísafirði þar sem farið var yfir samstarf Fab Lab smiðja á Íslandi og þekkingarmiðlun.



Sjávarréttahátíðin MATEY í september 2022

Í kjölfarið af vinnu við Distributed Design og MAKE.WORKS verkefninu þar sem sem aðilar úr mismunandi greinum atvinnulífsins hafa verið leiddir saman var ákeðið að kalla saman fulltrúa ferðapjónustunnar, veitingastaða, fiskvinnslufyrirtækja og listafólk saman.

Sett var á laggirnar viðburðurinn MATEY Seafood festival í samstarfi Ferðamálasamtaka Vestmannaeyja, fiskvinnslustöðvanna, veitingastaða, Fab Lab Vestmannaeyjar, Vestmannaeyjabæjar, NORA og fleiri aðila.

Fjöldi gesta sótti hátíðina og nú er stefnt að viðburðurinn verði árlegur og lengi ferðamannatímabiliði í Vestmannaeyjum styrki ímynd Vestmannaeyja sem helsta mataráfangastaðs Íslands.

Sjá umfjöllun á www.matey.is og

<https://grapevine.is/icelandic-culture/2022/11/30/desert-island-dishes-matey-food-festival-proves-vestmannaeyjar-is-the-food-capital-of-iceland/>



Ársráðsstefna Fab Lab smiðja í október 2022

Verkefnastjóri Fab Lab Vestmannaeyjar tók þátt í ársráðstefnu Fab Lab smiðja á Bali í Indónesíu dagana 12.-22.október 2022. Þessi vettvangur er aðal samstarfs- og samráðsvettvangur Fab Lab smiðja og þar fóru fram fjölbreyttar, vinnustofur, málstofur og rætt um áskoranir framtíðarinnar. Þetta var 17. Fab Lab ráðstefnan og samhliða 7. Fab City leiðtogafundurinn ásamt Fab Academy útskrift. Upptökur af fyrirlestrum, málstofum og fleira má finna á Youtube síðu Fab Foundation, [Bali Fab Fest - YouTube](https://www.youtube.com/playlist?list=PLLgC0nB1k-MOplTyBxAlUSV_X4oVkWQg9) (https://www.youtube.com/playlist?list=PLLgC0nB1k-MOplTyBxAlUSV_X4oVkWQg9)



DDP bootcamp nóv 2022


Haldin var vinnustofa í Dreifðri hönnun, Distributed Design í Fab Lab smiðjunni í Vestmannaeyjum. Vinnustofan var ætluð fyrir hönnuði til þróunar á verkefnum sínum í Fab Lab.

HÖNNUÐIR, HUGMYNDÁSMIÐIR OG AÐRIR SKAPARAR ATHUGIÐ

Ef þú ert með hugmynd að vöru eða verkefni sem þú vilt þróa og koma á framfæri þá er tækifæri fyrir þig í Fab Lab smiðjunni í Vestmannaeyjum.

Þar geturðu nýtt þér tölvustýrð tæki og tól til þess að gera frumgerðir að vörum og þróa vöruna þína til framleiðslu og markaðssetningar. Í boði verður handleiðsla og aðgengi að Fab Lab smiðjunni í allt að 12 mánuði ásamt námskeiðum og vinnubúðum.

Skráning og nánari upplýsingar á **<https://fablab.is/ddp/>**







HÖNNUÐIR, HUGMYNDASMIÐIR OG AÐRIR SKAPARAR ATHUGIÐ

Ef þú ert með hugmynd að vöru eða verkefni sem þú vilt þróa og koma á framfæri þá er tækifæri fyrir þig í Fab Lab smiðjunni í Vestmannaeyjum.

Þar geturðu nýtt þér tölvustýrð tæki og tól til þess að gera frumgerðir að vörum og þróa vöruna þína til framleiðslu og markaðssetningar. Í boði verður handleiðsla og aðgengi að Fab Lab smiðjunni í allt að 12 mánuði ásamt námskeiðum og vinnubúðum.

Skráning og nánari upplýsingar á <https://fablab.is/ddp/>

SAMSTARFSVERKEFNI OG SAMSTARFSADILAR

Fab Lab smiðjan í Vestmannaeyjum er þátttakandi í fjölda samstarfsverkefna og vinnur með fjölda aðila hér á landi og erlendis.

Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytið

Leggur til fjárhagslegt framlag til Þekkingarseturs Vestmannaeyja, sem á að nýta til reksturs Fab Lab Vestmannaeyjar. Greitt er af fjárlagalið 04-528.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Leggur til fjárhagslegt framlag til Þekkingarseturs Vestmannaeyja, sem á að nýta til reksturs Fab Lab Vestmannaeyjar.

Vestmannaeyjabær

Vestmannaeyjabær leggur til húsnæði á 3. hæð að Ægisgötu 2, Vestmannaeyjum, til starfsemi stafrænu smiðjunnar, án endurgjalds og stendur straum af kostnaði við rekstur húsnæðisins.

Grunnskóli Vestmannaeyja nýtir Fab Lab smiðjuna til kennslu í stafrænni hönnun og framleiðslutækni. Vestmannaeyjahöfn nýtir sér smiðjuna til þróunarverkefna og Safnahúsið vegna miðlunarverkefna.

Fab Lab Ísland


Smiðjan var sú fyrsta hér á landi og er í nánú samstarfi Fab Lab smiðjur landsins. og verkefnastjóri smiðjunnar hefur haft umsjón með samstarfi Fab Lab smiðjanna á Íslandi, **Fab Lab Ísland**. Haldnir voru vikulegir samstarfsfundir og þekkingarmiðlunarfundir. Unnið var að stefnumótandi áætlun fyrir samstarfið. Haldin var vinnustofa/ bootcamp á Ísafirði í maí.



[Akureyri](#)
[Austurland](#)
[Blönduós](#)
[Hornafjörður](#)
[Húsavík](#)
[Ísafjörður](#)
[Reykjavík](#)
[Sauðárkrúkur](#)
[Selfoss](#)
[Strandir](#)
[Vestmannaeyjar](#)

Auk þess hefur forstöðumaður smiðjunnar í Eyjum komið að undirbúningi fyrir fleiri smiðjur sem munu tilheyra samstarfsneti Fab Lab smiðja á Íslandi eins og á Reykjanesi, Patreksfirði, í Háskóla Íslands og víðar.

Fab Lab smiðjan í Vestmannaeyjum er í samstarfi við fjölda aðila víða um heiminn í mismunandi samstarfsverkefnum.



Þátttaka í erlendu samstarfi færir nýja þekkingu inn í samfélagið. Fab Lab smiðjan í Vestmannaeyjum tekur virkan þátt í samstarfi við fjölda aðila á Norðurlöndunum, í Evrópu og víðar.

Nordic Fab Lab Network

Reglubundnir samstarfsfundir norrænu Fab Lab smiðjanna eru í hverjum mánuði og stjórn norrænu Fab Lab smiðjanna hittist tvisvar í mánuði þar sem þekkingu er miðlað milli smiðja farið yfir starfsemina. Þátttakendur hittast einnig á hverju ári á bootcamp í mismunandi Fab Lab smiðjum á Norðurlöndunum en árið 2022 fór ekki fulltrúi úr Fab Lab smiðjunni í Vestmannaeyjum vegna Covid.


- [Net norrænu Fab Lab smiðjanna](#)

Distributed Design Platform

Þekkingarsetur Vestmannaeyja tók árið 2021 við hlutverki Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands í rekstri Fab Lab smiðjunnar í Vestmannaeyjum og einnig yfir hlutverk Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands í verkefninu Distributed Design Market Platform sem styrkt er af Creative Europe samstarfsáætlun Evrópusambandsins. <https://distributeddesign.eu/>


Markmið með Distributed Design Market Platform (Markaðsvettvangi fyrir dreifða hönnun) er að koma upp nýju kerfi þar sem framleiðendur á hverjum stað fyrir sig hafa aðgang að hönnun frá öllum heimshornum til að framleiða og dreifa eftir því sem þörf krefur. Þannig er hægt að laga

vörur að þeim aðföngum sem tiltæk eru og breyta þeim eftir þörfum áður en þær berast beint frá framleiðanda til neytanda.



Í stað þess að flytja vörur á milli heimshluta er lögð áhersla á staðbundna framleiðslu og flytja fremur upplýsingar í stað hluta. Mynd frá Fab Lab Barcelona.

Distributed Design Market Platform er verkefni sem þekkingarsetur Vestmannaeyja á nú aðild að og er stutt af Creative Europe sem styður við gróskuna í starfi skapara og hönnuða með því að efla útbreiðslu og dreifingu á verkum þeirra, veita þeim tækifæri á alþjóðlegum vettvangi og beina athygli að þeim sem skara fram úr.



Samstarfsnet Fab Lab smiðjunnar í Vestmannaeyjum í Distributed Design og Make.Works verkefnunum eru víða í Evrópu í nýsköpunar og hönnunarstofnunum eða háskólum. Mynd frá Distributed Design

Samstarfsaðilar í verkefninu:

[Institute of Advanced Architecture of Catalonia | Fab Lab Barcelona](#)
[Pakhuis de Zwijger](#)
[P2P Lab](#)
[Re:Publica](#)
[Happy Lab Vienna](#)
[Danish Design Centre](#)
[NYSKOPUNARMIDSTOD ISLANDS | Fab Lab Vestmannaeyjar Iceland](#) | [Pekkingarsetur Vestmannaeyja](#)

[Maker](#)
[Espacio Open](#)
[POLITECNICO DI MILANO](#)
[Ars Longa](#)
[Other Today](#)
[FabLab Budapest](#)
[Politecnico de Lisboa](#)
[OpenDot](#)
[TalTech](#)
[Museum Architecture and Design, Centre for Creativity](#)
[Paved with Gold](#)

MAKE.WORKS

Í síbreytilegum heimi er nýsköpun ekki valkostur heldur nauðsyn

MAKE.WORKS verkefnið <https://make.works/>

Make Works er hluti af vistkerfi dreifðrar hönnunar sem gengur út á að tengja hönnuði og framleiðendur, hráfnisframleiðendur og staðbundin verkstæði. Sú innleiðing er nú hafin hér á landi og nú árið 2021 hafa fyrstu íslensku aðilarnir verið tengdir inn í það vistkerfi. Make.Works er frábær gagnagrunnur sem hjálpar hönnuðum og fyrirtækjum að finna samstarfsaðila til þess að geta framleitt vörur staðbundið.

Í síbreytilegum heimi er nýsköpun ekki valkostur heldur nauðsyn. Við þurfum að berjast gegn loftslagsbreytingum og félagslegri einangrun með því að endurhugsa grunnkerfin sem við reiðum okkur á. Borgarlíf útheimtir gríðarlega auðlindanýtingu sem stefnir vistkerfi jarðar og okkur sjálfum í hættu.

Til þess að vinda ofan af afleiðingum aukinnar borgarvæðingar þurfum við að breyta framleiðslu- og neyslumynstrum í borgum. Fyrsta skrefið er að breyta því hvernig við hönnum. Með því að styðja við nærsamfélagið og hæfileikafólkið sem þar fyrirfinnst blásum við nýju lífi í framleiðslu í borgunum og bæjunum okkar með fulltingi nýsköpunar og alþjóðlegrar gagnamiðlunar.

Háin renniverkstæði í Vestmannaeyjum er eitt þeirra fyrirtækja sem tekur þátt í vistkerfi dreifðrar hönnunar, Distributed Design Market Platform sem styrkt er af Creative Europe samstarfsáætlun Evrópusambandsins. <https://make.works/companies/hain-cnc-workshop>



Make Works Iceland, Hain CNC Workshop, Háin...



Hain CNC workshop

Hain CNC workshop makes metal and plastic parts for various industrial proces...

TYPE

Fabricator


CATEGORY

Digital Fabrication

Vélaverkstæðið Þór í

Vestmannaeyjum sem er eitt þeirra fyrirtækja sem tekur þátt í vistkerfi dreifðrar hönnunar, Distributed Design Market Platform sem styrkt er af Creative Europe samstarfsáætlun Evrópusambandsins.

<https://make.works/companies/thor-machine-workshop>



Make Works Iceland Thor, machine workshop...



Thor Machine Workshop

Thor Machine workshop services the fishing industry and produces safety equip...

TYPE

Fabricator

CATEGORY

Metal


Skipalyftan er öflugt fyrirtæki í stál/og véliðnaði og býður upp á viðtæka þjónustu fyrir skipaflotann. Fyrirtækið hefur aðgang að upptöku mannvirki fyrir allt að 1000 tonn.

Nú um þessar mundir fagnar fyrirtækið 40 ára afmæli. Skipalyftan ehf er eitt þeirra fyrirtækja sem tekur þátt í vistkerfi dreifðrar hönnunar, Distributed Design Market Platform sem styrkt er af Creative Europe samstarfsáætlun Evrópusambandsins.

<https://make.works/companies/skipalyftan>



Make Works Iceland Skipalyftan



Skipalyftan

Skipalyftan is a metal and machine workshop that provides comprehensive servi...

TYPE

Fabricator

CATEGORY


Metal

Eyjablikk ehf er blikk og stálsmiðja í Vestmannaeyjum. Fyrirtækið þjónustar sjávarútvegsfyrirtæki, verktaka og einstaklinga með óskir sínar. Fyrirtækið tekur að sér fjölbreytt verkefni, s.s. loftræsikerfi, einangrun og klæðningar á hita- og frystilögnum, flasningar, rústfrí smíði, álsmíði, lagning koparþaka, smíði á handriðum ásamt smíði á allra handa færiböndum og körum fyrir sjávarútveginn.

Þjónusta við einstaklinga Eyjum er líka stór þáttur í starfseminni. Eyjablikk kappkostar við að sinna þeim verkum sem fyrirtækinu er treyst fyrir af kostgæfni og með bros á vör. <https://make.works/companies/eyjablikk>



Make Works Iceland,
Eyjablikk, Tin and Metal...



Eyjablikk

Eyjablikk is a tin- and metal workshop that services the fishing industry, co...

TYPE

Manufacturers

CATEGORY

Metal

Fab Foundation

Fab Foundation er sjálfseignarstofnun sem stofnuð var út frá MIT háskólanum árið 2009 í því skyni að styðja við stofnun og rekstur Fab Lab smiðja víðsvegar um heiminn. Markmið Fab Foundation er að veita aðgengi að tækjum, þekkingu og fjármagni til að mennta, vinna að nýsköpun og uppfinningum með því að nota tækni og stafræna tækni. Markmið Fab Foundation er að auka lífsgæði og samkeppnishæfni þar sem Fab Lab smiðjur eru staðsettar.

Starfsemi Fab Foundation hefur þrjár megin áherslur:

Menntun; að veita aðgengi að tækjum og þekkingu í stafrænni framleiðslu til fólks á öllum aldri; þróa námsskrár og fræðslustarf; þjálfa kennara og Fab-verkefnisstjóra
Innviðir og þjónusta; uppbygging og miðlun þekkingar á milli Fab Lab smiðja; miðlun fyrirmyndarverkefna og aðferða; stuðningur við starfandi Fab Lab smiðjur; styðja við árangursmat Fab Lab starfsemi; rekstur samstarfsnets Fab Lab smiðja á alþjóðavettvangi.

Viðskiptatækifæri; að styðja við og þróa viðskiptatækifæri sem til verða í Fab Lab smiðjum.

- [FAB FOUNDATION](#) | [FAB ACADEMY](#) | [FABRICADEMY](#)
- [SCOPES DF](#) | [Fablabs.io](#)

NORA

NORA er norrænn samstarfsvettvangur á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar Norræna Atlantssamstarfið (NORA) er ríkjasamstarf sem nær til Grænlands, Íslands, Færeyja og strandhéraða Noregs og heyrir undir samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar um byggðastefnu. Unnið er að í samstarfi við NORA að undirbúningi verkefnis í Vestmannaeyjum um **Sjávarsamfélagið** Vestmannaeyjar í tengslum við að Bodø í Noregi verður menningarhöfuðborg Evrópu 2024.

Þá er markmiðið að koma Vestmanneyjum á framfæri í tengslum við þá athygli sem Bodø fær. Þá verða haldnir viðburðir, varanlegar instillingar og stafræn miðlun efl. Unnið er að þróun verkefnisins í samstarfi fjölda hagsmunaaðila.

- [NORA](#)

Samstarf við HÍ

HÍ stundar hvalarannsóknir við Vestmannaeyjar og nýtti sér Fab Lab smiðjuna til frumgerðarsmíði fyrir rannsóknarbúnað og þjálfun starfsfólks. Auk þess hefur Fab Lab smiðjan verið vettvangur fyrir þróunarvinnu á sviði miðlunar rannsókna.

Faglegt samstarf er um mögulega uppbyggingu Fab Lab smiðju við HÍ.

Unnið er að undirbúningi starfsþjálfunarverkefni fyrir kennara sem fara mun fram í Fab Lab smiðjum víðsvegar um landið og stefnt að því að það verði metið til eininga í námi á Menntavísindasviði HÍ.

Samstarf við Vísindagarða

Hugmyndir um uppbyggingu Super Fab Lab smiðju við Vísindagarða hafa verið kynntar og áframhaldandi samstarf er fyrirhugað við þróun hugmynda um uppbyggingu Djúptæknikjarna.

Samstarfsverkefni með SeaLife

Unnið er að þróun samstarfsverkefna á sviði sjálfbærni og miðlunar ásamt þróunarverkefnum í tengslum við lunda og hvali.

Samstarf við Náttúrustofu Suðurlands

Náttúrustofa Suðurlands stundar náttúrurannsóknir við Vestmannaeyjar og víðar og nýtti sér Fab Lab smiðjuna til frumgerðarsmíði fyrir fuglamerkingar og þróunar hljóðgjafabúnaðar við stormsvölurannsóknir.

Samstarf við Ferðamálasamtök Vestmannaeyja, iðnfyrirtæki, fiskvinnslufyrirtæki og Vestmannaeyjabæ

Fiskvinnslufyrirtæki, Vestmananeyjabær og fleiri komu að samstarfsverkefninu MATEY seafood festival. Starfsfólk iðnfyrirtækja hefur komið í handleiðslutíma fyrir starfsþjálfun og þróunarverkefni.

Ferðamálasamtök Vestmannaeyja taka þátt í samstarfsverkefni um nýjan árlegan viðburð, Sjávarréttahátíðina [MATEY](#) sem haldin var í september 2022.




FJÁRMÁL 2022


Fab Lab smiðjan í Vestmanneyjum fær úthlutað fjármagni frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Vestmannaeyjabær leggur til húsnæðið og þekkingarsetur Vestmannaeyja hefur umsjón með rekstri smiðjunnar.

TEKJUR

Tekjur	25.670.250 kr
Framlag framhaldsskóla	0 kr
Reiknað framlag Vestmannaeyjabæjar	6.000.000 kr
Framlag Atvinnuvega- og nýsköpunarráðu neytis	12.000.000 kr
Framlag Menntamálaráðu neytisins	6.000.000 kr
Framlag ÞSV	0 kr
Selt efni	3.000 kr
Tekjur vegna námskeiðahalds	0 kr
Framkvæmdastyrkur	0 kr
Flutningastyrkur	0 kr
Tækjakaupastyrkur	0 kr
Verkefnastyrkir tekjur	1.667.250 kr



GJÖLD



Gjöld	27.222.652kr
Launakostnaður	14.413.726kr
Kaup á tækjum og búnaði	1.809.383kr
Rekstur tölvuk,efniskaup,viðhald tækja,ferðakostn ofl	3.799.543kr
Reiknað framlag Vestmbæjar v/FabLab (reikn liður)	6.000.000kr
ÞSV -rekstur, bókhald, afgreiðsla, húsv ofl (reiknliður)	1.200.000kr

Auk þessa hefur Þekkingarsetur Vestmannaeyja til umsjónar sjóð sem ætlaður er til að veita styrki til leiðbeinenda og kennara til náms í Fab Academy.

Einn nemandi hlaut námsstyrk árið 2022 og er hann starfsmaður í Fab Lab Akureyri. Greitt var úr þessum sjóð 2.500 USD eða á þeim tíma 357.175 ISK. Þann 31.12.2022 var staðan m.v. þáverandi gengi og stöðu reiknings í ISK

Tekjur og skuldbinding v/ Fab Lab (Fab Academy sjóður)	4.021.529 kr
--	---------------------

Drög að rekstraráætlun 2023 vegna Fab Lab smiðjunnar í Eyjum er hér:

[Rekstraráætlun Fab Lab Vestmannaeyjar 2023](#)

TENGLAR

www.fablab.is

<https://www.facebook.com/FabLabVestmannaeyjar>